

Reykjavík 11. maí 2015

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála, lögum um aðför, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lögum um dómstóla (einföldun réttarfars). Þingskjal 668 – 436. mál.**

(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna framkomnu frumvarpi þar sem lagt er til með breytingu á 9. gr. sakamálalaga að skylt verði að taka skýrslu af brotþola yngri en 15 ára í sérútbúnu húsnæði fyrir skýrslutöku af börnum, nema hagsmunir barnsins krefjist þess að annar háttur verði á. Slíka undanþágu skal túlka þröngt í samræmi við almennar lögskýringarreglur. Það verður ekki ofsagt að mikilvægt er að gera barni það eins bærilegt og mögulegt er að segja frá upplifun sinni af broti gagnvart sjálfu sér og mikilvægt að barni sé hlíft við að þurfa að gera það í umhverfi sem það upplifir sig óöruggt í.

Sú tillaga sem kemur fram í 34. gr. frumvarpsins um að leggja skuli af útgáfu dóma sem varða viðkvæm persónuleg málefni aðila í einkamálum, sér í lagi um forsjá barna, nýtur stuðnings Barnaheilla. Afar brýnt er að minnka neikvæð áhrif á líf barna sem geta hlotist af baráttu foreldra þeirra um forsjá yfir þeim. Oft má bera kennsl á aðila máls með lestri dóma þrátt fyrir að persónueinkenni séu afmáð úr dómum. Þannig er hætt við að gengið sé of nærri friðhelgi einkalífs þeirrar fjölskyldu sem í hlut á. Eðlilegt hlýtur að mega telja að slík persónuleg mál eigi ekki erindi til almennings. Þó er mikilvægt að þess sé gætt að þegar skorið er úr um lagaleg álitæfni sem haft geta fordæmisgildi eða ekki hefur áður verið skorið úr um, verði dómur gefinn út og aðgengilegur þeim sem hagsmuna geta haft að gæta, sér í lagi fræðimönnum og lögmönnum.

Barnaheill vilja vekja athygli á að mikilvægt er að börn á aldrinum 15-18 ára eru enn börn í lagalegum skilningi og að í öllum tilvikum þar sem þau þarf að færa til yfirheyrslu eða þau þurfa að gefa skýrslu skal alltaf hafa í huga það sem barni er fyrir bestu við slíka framkvæmd. Þá meginreglu er mikilvægt að áréttu þegar teknar eru ákvarðanir sem varða börn, er þurfa á einhvern hátt að mæta fyrir dómstóla, lögreglu, ákærvald eða aðrar sambærilegar stofnanir.

Alltaf er mikilvægt að lesa og túlka réttarfarsreglur eins og aðrar reglur með hliðsjón af öðrum lögum sem varða réttindi barna, svo sem Barnalögum, Barnaverndarlögum og vitanlega lögum um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, eða Barnasáttmálanum.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri